SVEINBJÖRNS SVEINBJÖRNSSONAR TÓNSKÁLDS MINNST Á TÓNLEIKUM Í LISTASAFNI KÓPAVOGS

„SKAMMARLEGA LÍTIÐ FLUTTUR HÉR Á LANDI"


TÓNLEIKAR í tónleikaröðinni Við slaghörpuna verða haldnir í Listasafni Kópavogs mánudaginn 1. desember kl. 20.30. Verða þeir helgaðir minningu Sveinbjörns Sveinbjörnssonar en í ár er hálf önnur öld liðin frá fæðingu tónskáldsins og sjötíu ár frá andláti þess. Eftir Sveinbjörn liggur fjöldi tónverka, þar á meðal þjóðsöngur Íslands.

Á tónleikunum munu Signý Sæmundsdóttir og Bergþór Pálsson syngja lög eftir Sveinbjörn við undirleik Jónasar Ingimundarsonar og Jón Þórarinsson tónskáld minnast hans með nokkrum orðum en hann skráði ævisögu Sveinbjörns sem út kom árið 1969.



Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Að sögn Jóns mun erindi hans að mestu fjalla um einsöngslög Sveinbjörns enda sé um þess háttar tónleika að ræða. „Það verður vakin athygli á því að Sveinbjörn var að minnsta kosti þrjátíu árum á undan öðrum Íslendingum í sönglagasmíði. Stundaði hann þá iðju í Skotlandi á árunum frá um 1870 til aldamóta án þess að það vekti teljandi athygli hér á landi enda mest allt lög við enska texta. Urðu þau mörg hver mjög vinsæl og voru gefin út hvað eftir annað, bæði í Edinborg og Lundúnum."



Jón Þórarinsson

Jón segir athyglisvert að þegar fyrsta sönglagið leit dagsins ljós á Íslandi hafði Sveinbjörn gefið út á þriðja tug slíkra laga í Bretlandi, sem voru aukinheldur mun betur unnin en það fyrsta sem birtist á prenti hér.

Jón segir að Sveinbjörn hafi haft lítið samband við Ísland á þessu árabili. Hann hafi að vísu samið þjóðsönginn árið 1874 að áeggjan Matthíasar Jochumssonar, sem var gestur hans haustið áður, og orti meira að segja fyrsta erindi þjóðsöngsins í húsi Sveinbjörns í Edinborg. „Að öðru leyti var samband hans við Ísland afskaplega lítið."

Um aldamót varð breyting þar á, eða í kjölfar heimsóknar Valtýs Guðmundssonar, sem valtýskan var kennd við, til Sveinbjörns í Edinborg árið 1899. „Þegar Valtýr kom heim birti hann grein um Sveinbjörn í riti sínu, Eimreiðinni, og skrá yfir verkin sem hann hafði gefið út, þar á meðal 24 sönglög. Við það jókst áhugi Íslendinga á Sveinbirni og í tengslum við konungskomuna 1907 fékk Hannes Hafstein ráðherra hann til að semja kantötu til þess að fagna kónginum. Af því tilefni kom Sveinbjörn hingað heim í heimsókn og í framhaldi af því þyddi Þorsteinn Gíslason, ritstjóri og textahöfundur kantötunnar, nokkra af þessum ensku sönglagatextum Sveinbjörns. Skömmu síðar voru svo haldnir tónleikar Sveinbirni til heiðurs í Reykjavík þar sem þessi lög voru sungin. Þannig komust þau fyrst á framfæri hér heima."



Morgunblaðið/Golli

JÓNAS Ingimundarson, Bergþór Pálsson og Signý Sæmundsdóttir munu flytja sönglög Sveinbjörns í Listasafni Kópavogs.

Að áliti Jóns hafa sönglög Sveinbjörns verið skammarlega lítið flutt hér á landi í gegnum tíðina, því enn sem fyrr standi þau fyrir sínu. Telur hann ensku textana eiga þar augljósan hlut að máli. „Engu að síður leit Sveinbjörn alla tíð á sig sem íslenskt tónskáld og lögin hans eru alveg eins íslensk og margt það sem gert var hér heima á þessum tíma. Hann samdi lög sín í evrópskum-alþjóðlegum stíl, sem er auðvitað ekki sérislenskur, en það var ekki hjá öðrum heldur."

Önnur skýring sem Jón nefnir er að lög Sveinbjörns séu ekki aðgengileg á prenti. „Á sínum tíma gaf Menningarsjóður út nokkur laga hans á prenti en þau hafa einhverra hluta vegna ekki náð verulegri útbreiðslu enda kannski ekki þau lög sem best eru fallin til kynningar. Það vantar einfaldlega úrval af einsöngslögum Sveinbjörns Sveinbjörnssonar á prenti."

Margra grasa kennir á efnisskrá tónleikanna í Kópavogi. Þar verða til að mynda flutt sum fyrstu lögin sem Sveinbjörn birti á prenti og líka einhver af þeim síðustu, svo sem Sprettur, sem samið er á árunum 1922-23, þegar tónskáldið var búsett hér heima.


Ný aðföng á Kjarvalsstöðum

SÝNING á nýjum aðföngum Listasafns Reykjavíkur verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Verður sýningin í vestursal og miðrými.

Að sögn Eiríks Þorlákssonar, forstöðumanns Listasafns Reykjavíkur, verða aðallega á sýningunni verk sem komið hafa í eigu safnsins á þessu ári en það mun vera stefna þess að gefa borgarbúum reglulega tækifæri til að líta þau verk sem safnið eignast og fylgjast þannig með listaverkaeign borgarinnar og hræringum í íslenskri myndlist. Stór hópur listamanna, innlendra og erlendra, á verk á sýningunni, svo sem Louisa Matthíasdóttir, Hörður Ágústsson, Hrafnkell Sigurðsson, Svava Björnsdóttir, Guðmunda Andrésdóttir og Kristinn E. Hrafnsson.

„Í tengslum við sýninguna ætlum við að brydda upp á þeirri nýjung í starfi safnsins að bjóða upp á stutta kynningu eða leiðsögn listamanna, sem eiga verk á sýningunni, alla virka daga kl. 12.30 frá 1. til 12. desember. Leiðsögnin varir í tíu mínútur en fjallað verður um eitt verk í senn," segir Eiríkur. „Í stað þess að lesa lærðar ritgerðir eða hlýða á fræðilegar útlistanir hjá þriðja aðila um hvað listamennirnir eru að fást við í sínum verkum gefst fólki sem sagt tækifæri til að hlusta á listamennina sjálfa."

Sigurður Árni Sigurðsson ríður á vaðið á mánudag en síðan koma þau eitt af öðru, Erla Þórarinsdóttir, Bjarni H. Þórarinsson, Jóhann Torfason og Jónína Guðnadóttir í næstu viku og síðan Jóhann, Jónína, Erla, Bjarni og Kristinn E. Hrafnsson í vikunni 8.-12. desember. Öll munu þau, að Sigurði Árna undanskildum, taka þátt í almennri leiðsögn um sýningar safnsins sunnudaginn 14. desember kl. 16.



Morgunblaðið/Þorkell

STARFSMENN Kjarvalsstaða hengja upp verk á sýningunni Ný aðföng.

Sýningin á verkum úr Kjarvalssafni mun standa áfram í desember í austursal Kjarvalsstaða. Eru verkin, sem eru frá ýmsum tímum, valin með tilliti til viðfangsefna.

Á sýningarvegg byggingarlistardeildar í austurforsal verða í desember sýndar húsateikningar sem deildin hefur fengið til varðveislu á þessu ári, annars vegar íbúðarhúsateikningar frá fyrstu áratugum aldarinnar og hins vegar hluti af lokaverkefni Hannesar Kr. Davíðssonar frá arkitektadeild listaakademíunnar í Kaupmannahöfn.

Sýningunum lýkur 21. desember.